



Dagsetning: 4. mars 2023  
Málsnúmer: 2211046/5.6.0

## Til félagsmálanefndar

### M I N N I S B L A Ð

Í leiðbeiningum fyrir sveitarfélög varðandi notendaráð og samráðshópa er talað um að hvert sveitarfélag eða þjónustusvæði skuli setja á laggirnar notendaráð skipað notendum þjónustunnar.

Hér er sérstaklega verið að tala um notendaráð og samráðshópa fatlaðs fólks og er vitnað meðal annars í stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017 – 2021:

*Samkvæmt 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skulu sveitarfélög hafa samráð við notendur og starfrækja sérstök notendaráð. Í stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017 – 2021 sem samþykkt var á Alþingi þann 31. maí 2017 kemur fram í lið F.6. að á öllum þjónustusvæðum á landinu skuli vera starfrækt notendaráð með það markmið að auka áhrif fatlaðs fólks á skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál í sínu sveitarfélagi.*

Áhersla er jafnframt lögð á að notendaráð sé skipað fulltrúum með ólíkar skerðingar þar sem þeir geta þurft að fjalla um og taka afstöðu til málefna er varða notendur með ólíkar þjónustuþarfir.

Hlutverk notendaráða er að vera ráðgefandi fyrir sveitarfélag eða þjónustusvæði varðandi stefnumörkun og áætlanagerð er varða meðlimi þeirra. Jafnframt getur notendaráð tekið upp mál að eigin frumkvæði.

Illa hefur gengið hér í Fjarðabyggð að setja á laggirnar notendaráð fatlaðs fólk. Ein líklegasta skyringin er hlutfallsleg smæð sveitarfélagsins og skortur á viljugum þátttakendum úr röðum fatlaðs fólks og/eða samtaka sem starfa á þessum vettvangi.

Frá árinu 2021 hefur verið í gangi virk leit af áhugasönum þátttakendum í notendaráð. Það hefur verið gert í samráði við Örykjabandalag Íslands. Einnig hefur verið leitað til fleiri hagsmunasamtaka s.s. Þroskahjálpar. Nú þegar hefur verið skipað í tvö sæti, þ.e. í sæti aðalmanns og varamanns. Báðir þeir fulltrúar eru foreldrar fatlaðra barna. Önnur sæti hafa ekki verið skipuð.

Ýmislegt hefur verið reynt til að fá áhugasama þátttakendur í ráðið, bæði hafa hagsmunasamtök haft samband við fólk og sömuleiðis starfsmenn fjölskyldusviðs. Í byrjun ársins auglýsti Öryrkjarbandalagið svo eftir þátttakendum og fjölskyldusvið sömuleiðis í kjölfarið. Þar var eitt foreldri fatlaðs barns sem bauð sig fram til viðbótar við þá sem þegar höfðu verið skipuð.



Þann 14. nóvember s.l. skipaði bæjarráð í sæti kjörinna fulltrúa, þau Kamillu Borg Hjálmarsdóttur, Þórhall Árnason og Eygerði Ósk Tómasdóttur.

Líkt og að ofan segir hefur reynst erfitt að manna notendaráð fatlaðs fólks fulltrúum með ólíkar skerðingar eins og markmiðið var og leiðbeiningar segja til um. Hins vegar er ýmislegt í gangi og framundan í sveitarfélagini sem varðar hagi fatlaðs fólks.

Dæmi um það eru hugmyndir um búsetukjarna og skammtímavistun. Nú þegar hafa verið gerðar talsverðar breytingar á námsaðstöðu í grunnskóla Reyðarfjarðar til þess að geta mætt þörfum fjölfatlaðs nemanda. Fleiri fjölfötluð börn eru í skólum sveitarfélagsins og því viðbúið að þörf sé á fleiri breytingum í náinni framtíð.

Eins er ýmiskonar einstaklingsbundinn stuðningur við fötluð börn og fullorðið fólk í sveitarfélagini, innan og utan heimilis og skóla, sem er í sífelldri endurskoðun.

Því tel ég mikilvægt að við fáum að heyra raddir þeirra sem þó hafa verið skipaðir og hafa boðið sig fram til setu í ráðinu. Í stað notendaráðs gæti því verið starfandi opnari samráðshópur á grundvelli samþykktar líkt og gert er t.d. hjá Akureyrarbæ og í Múlaþingi.

Sjá nánar hér:

[https://www.akureyri.is/static/files/01\\_akureyri.is/pdf/2019/samhykkt\\_fyrir\\_samradshop\\_um\\_malefni\\_fatlads\\_folks.pdf](https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/2019/samthykkt_fyrir_samradshop_um_malefni_fatlads_folks.pdf)

<https://www.mulathing.is/static/files/erindisbref/samradshops-um-malefni-fatlads-folks.pdf>

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir  
Stjórnandi stoð- og stuðningsþjónustu

